



Neysla dregst minna saman í þriðju bylgju faraldursins

Í október dróst kortavelta mun minna saman en í fyrstu bylgju faraldursins. Minni óvissa um áhrif og framþróun faraldursins kann að hafa ýtt undir neysluvilja fólks, sem var þó litaður af samkomutakmörkunum.

Seðlabanki Íslands birti á föstudag gögn um veltu innlendra greiðslukorta í október.¹ Alls nam velta tengd verslun og þjónustu innanlands 67 mö.kr. og var nær óbreytt frá því í október í fyrra, dróst einungis saman um 0,3% miðað við fast verðlag. Kortavelta erlendis nam alls 9,4 mö.kr. og dróst saman um 52% milli ára miðað við fast gengi.


Meiri samdráttur en í sumar

Samanlagt dróst kortavelta saman um 12% milli ára í október miðað við fast gengi og fast verðlag. Þetta er nokkuð meiri samdráttur en á allra síðustu mánuðum, og má helst rekja til kraftminni neyslu innanlands. Sú niðurstaða kemur ekki á óvart þar sem sóttvarnaraðgerðir voru hertar verulega í október frá því sem var í sumar. Í raun hefði mátt gera ráð fyrir mun meiri samdrætti í kortaveltu miðað við umfang sóttvarnaaðgerða og reynslu okkar af fyrstu bylgju faraldursins.

Minni samdráttur en í fyrstu bylgju


Í fyrstu bylgju dróst mánaðarleg kortavelta saman um allt að 26% milli ára, 13% innanlands og 68% erlendis. Þá var staðan að mörgu leyti önnur en nú, þar sem óvissa var meiri. Hversu lengi og með hvaða hætti faraldurinn myndi koma til með að hafa áhrif á líf okkar var ekki vitað. Nú er komin meiri reynsla á faraldurinn og benda flestar spár til þess að land muni, innan tíðar, rísa á ný. Það kann að hafa þau áhrif að faraldurinn dragi minna úr neyslu fólks nú, samanborið við stöðuna í fyrstu bylgju. Framundan er þó jólavertíðin, sem jafnan fylgir mikil neysla, og því óvíst hvernig þriðja bylgjan útleiggst næstu tvo mánuði.

Greiðslukortavelta



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlandis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Greiðslukortavelta og framlag innanlands og erlendis



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlandis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

¹ Í þessari greiningu er litið til allrar greiðslukortaveltu í verslun og þjónustu innanlands (önnur viðskipti en í banka) og erlendis er litið til allrar kortanotkunar.

Kortavelta eftir útgjaldaliðum sýnir breyttar venjur

Þó svo að neyslan í heild hafi tekið minni breytingum nú í haust en í fyrstu bylgju, sést á sundurliðun eftir útgjaldaliðum að hún er nokkuð lituð af þeim aðstæðum sem ríkja. Í október jókst kortavelta milli ára mest í áfengisverslunum, um 65% miðað við fast verðlag. Að jafnaði hefur aukningin verið um 40% milli ára frá því að faraldurinn hófst.

Aukningin í byggingarvöruverslunum, verslunum með heimilisbúnað, stórmörkuðum og dagvöruverslunum er einnig nokkuð meiri í október, en á fyrri mánuðum. Neyslan var því sveiflukenndari í október en á fyrri mánuðum, bæði til aukningar og samdráttar innan ákveðinnar útgjaldaliða.

Minna farið út að borða eða í ferðalög


Samdráttur mælist nokkur á veitingastöðum í október, en það dróst kortavelta landsmanna saman um 23%. Einnig var minna gíst á hótélum og dróst kortavelta á gístistöðum saman um 35% milli ára í október eftir myndarlegan vöxt í sumar. Rúmlega 50% minna var keypt af snyrti- og heilsutengdri þjónustu, enda þurftu margar stofur að loka nú í þriðju bylgju faraldursins. Svipaður samdráttur varð í kortaveltu tengdri menningar-, afþreyingar- og tómstundastarfsemi. Líkt og á fyrri mánuðum var samdrátturinn þó mestur í kaupum fólks á skipulögðum ferðum og annarri þjónustu ferðaskrifstofa.

Innflutningur eykst

Innflutningur á neysluvörum hefur aukist nokkuð á síðustu mánuðum. Í september mældist aukningin 7% milli ára miðað við fast gengi og 13% í ágúst, sem er nokkuð meiri aukning en á fyrri mánuðum árs. Aukningin hefur að miklu leyti verið drifin áfram af innflutningi óvaranlegra neysluvara sem eru vörur á borð við lyf, tóbak, ýmiskonar hreinlætisvörur og aðrar einnota vörur sem ætla má að hafi orðið vinsælli samhliða útbreiðslu faraldursins. Á síðustu mánuðum hefur innflutningur einnig aukist á varanlegum og hálfvaranlegum vörum, svo sem heimilistækjum og fatnaði, sem kann að endurspegla kaup landsmanna.


Af þróun síðustu mánaða má sjá að veirufaraldurinn hefur breytt ýmsu í neysluhegðun fólks. Ákveðin kaup hafa orðið vinsælli en önnur, og tíma fólks varið öðruvísi en áður. Það er líklegt að í mörgum

Breyting í kortaveltu eftir útgjaldaliðum



Samanburður við veltu samu mánaðar í fyrra. Velta raunvirt með viðeigandi undirlíð VNV. Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innflutningur á neysluvörum og framlag undirlíða



Mælt á föstu gengi. Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



tilfellum sé um bein áhrif vegna faraldursins að
ræða og gangi venjur því aftur í sama far þegar
faraldrinum linnir.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.